

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 1992

Nr. 366

734

12. október 1992

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum á Digranesflaki.

1. gr.

Frá og með 13. október 1992 eru allar veiðar með fiskibotn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°58'N – 13°31'V
2. 65°58'N – 13°13'V
3. 66°00'N – 13°00'V
4. 66°10'N – 12°50'V
5. 66°19'N – 12°52'V
6. 66°18'N – 13°04'V
7. 66°10'N – 13°40'V
8. 66°00'N – 13°40'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 358, 6. október 1992, um bann við togveiðum á Digranesflaki.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. október 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.